

20.Alheimsráðstefna AA samtakanna haldin í New York

Dagana 26-30 október 2008

Þjónusta – Þakklæti í verki

Höfuðtilgangur ráðstefnunnar er sá sami og á öðrum slíkum ráðstefnum AA samtakanna, þ.e flytja boðskap samtakanna til þeirra sem enn þjást, hvar sem þeir eru í veröldinni eða hvaða tungumál þeir tala. Ráðstefnan leitast við að safna saman reynslu styrk og vonum, frá þáttakendum sem koma saman annað hvert ár frá öllum heimshlutum. Ráðstefnan endurspeglar samvisku deilda um víða veröld.

Undirritaður fór ásamt K.E oddamanni LPN á þessa ráðstefnu, K.E í annað sinn en ég í fyrsta skipti.

Í þessari stuttu skýrslu ætla ég að reyna að gera grein fyrir því hvað fór fram á þessari ráðstefnu og hvernig ég upplifði hana. Nú þegar hefur LPN farið í að vinna að ýmsum málum sem rædd voru á ráðstefnunni til að bæta úr því sem reynsla annara þjóða hefur kennt.Heildarskýrslan sem ráðstefna gefur út verður birt á netinu um leið og hún berst (ca lok jan-feb). Þar verða allar skýrslur og niðurstöður úr hópavinnu og annað sem fram fór tiltekið nákvæmlega. Einnig geri ég grein fyrir þessari ferð á LPN ráðstefnunni í vor, og svara spurningum um ferðina.

Ráðstefnan hófst eftir hádegi **Sunnudaginn 26 okt.** með setningarávarpi Leonards Blumenthal (Chairman of the General Service Borard- USA/Canada) Í ræðu sinni talaði hann um þema ráðstefnunnar (Service- Gratitude in Action) og þau verkefni sem biðu AA samtakana til að breyða út boðskapinn, og þau mörgu vandamál sem margar þjóðir standa frammi fyrir sem hindrar það að fólk finni lausnina sem AA býður uppá . Nefndi hann þar helst fátækt , ólæsi, skort á lesefni, og skilningsleysi stjórnvalda. Enn einnig að boðskapurinn bærist samt ávallt ef einn akahólisti talar við annan alkahólista og einn AA maður sponsar annan, deild sponsi aðra deild og eitt land sponsi annað land.

Hann sagði einnig frá því að hann hafði verið á ráðstefnu í Vín á vegum Sameinuðu þjóðanna þar sem kom fram að samkvæmt WHO látast um 350.000 manns árlega af völdum eiturfjandrotkunar, en 25 miljónir af völdum áfengisneyslu.

Ráðstefnan byrjaði hvern dag byrjaði kl.9.00 og stóð með stuttum hléum til c.a kl 18.00.

Mánudagurinn 27 .okt byrjaði með að Greg Muth(General Manager.Gereal Service office US/Kanada)) flutti skýrslu um útgáfumál á AA efni.(International literature found)

(Fylgir heildarskýrslu sem kemur út í febrúar)

Ráðstefnunni var skipt upp í fjóra vinnuhópa þar sem hver hópur fjallaði um sitt málefni sem voru Agenda. Literature/ Publishing. Policy/Admissions/Finance. Working with others.

Undirritaður var í hóp þar sem viðfangsefnið var að gera tillögur um efni næstu ráðstefnu árið 2010. Tillaga að yfirskrift næstu ráðstefnu er „ Sponsorship:Our Rresponsibility“ Á meðal efnis sem næsta ráðstefna tekur til umfjöllunnar verða mál eins og.

- 1) Konur í AA
- 2) Sjöunda erfðavenjan
- 3) Sponsorship
- 4) Ungt fólk í AA
- 5) AA og internetið
- 6) General service trustees
- 7) Hvernig á að fara með AA Identity/ logo merki osfr

Athyglisvert var að heyra mismunandi áherslur eftir því úr hvað heimshluta fólk kom, hvað þeim fannst brenna mesta á að ræða, og mismunandi áherslur þeirra.

Ég setti niður nokkrar spurningar fyrir okkur að hugsa um, og væri þess virði fyrir samvisku deilda á Íslandi að ræða t.d

- 1)Hvar stöndum við gagnvart konum í AA ? er einhver umræða í samvisku deilda hvernig komið er í veg fyrir kynferðislega áreyni ? Sponsa konur konur, eða er eitthvað um það að karlar sponsi konur? Eru faðmlög fyrir og eftir fund, sérstaklega milli karls og konu eitthvað sem samviska deilda ætti að skoða?
- 2) Sponsorship á milli landa og á milli deilda?
- 3)Ungt fólk í AA. Hvernig stöndum við varðandi ungt fólk þ.e undir 18 ára sem sækja fundi, þ.e lagalega, sum staðar er það óleyfilegt nema í fylgd forráðmanns.
- 4) Er einhver vinnuregla hjá okkur um hvernig við förum með AA Identity logo osfr.

Tel mikilvægt að við séum undir það búinn að svara þessum spurningum. Og ekki síst til að vera vel undirbúinn fyrir næstu ráðstefnu. Einnig ef upp kom mál varðandi unglínga undir 18 ára.

Ef sú ákvörðun verður tekinn að fara á næstu ráðstefnu okt 2010 þá væri snjallt ef LP ráðstefnan 2010 tæki tillit til þessara mál og ræddi á þeirri ráðstefnu. Fulltrúar Íslands sem færu út, væru þá betur undirbúnir til að taka þátt í umræðunum sem fram fara um ofangreind mál.

Öll löndin fluttu stuttan úrdrátt úr skýrslu frá sínu landi og var þessum flutningi dreift á alla dagana. Einnig voru fluttar ræður um hin ýmsu málefni, og voru fluttar af fulltrúum þjóðanna, of langt mál væri að gera úrdrætti úr þeim öllum en þær voru um 20 talsins og dreift á alla daganna.

Aftur var fulltrúunum skipt upp í vinnuhópa, og allir hóparnir fjölluðu sama málefnið þ.e „Erfðavenjurnar og nýr samkiptamáti / new Media“

Þar var okkur ætlað að svara spurningum eins og

- 1) Notar skrifstofa LPN e-mail og hefur það valdið einhverjum vandræðum og hvernig hafa þau verið leyst.
- 2) Notar LPN heimasíðuna til samskipta . þ.e er hún gagnvirk, lýsið vandamálum sem upp hafa komið , og lausnum.
- 3) Hvernig er nafnleyndin í okkar landi viðhöfð varðandi heimasíðuna og e-mail sendingar.
- 4) Heimasíða er hún fyrir batan eða upplýsingar til almennings.

(innskot . hugmyndir um að e-mailið geti virkað eins og AA síminn, Flestar þjóðir eru með tvær síður, eina fyrir skrifstofuna þar sem þarf aðgang að síðunni, og aðra fyrir hefðbundið efni. funda. Almennar upplýsingar um hvernig aa fundur fer fram)

Þriðjudagurinn 28 okt.

Haldið var áfram að vinna í hópum um ofangreind mál. Hópunum var einnig ætlað að segja frá því hvernig LPN og skrifstofa hvers lands er gagnvart landslögum.

Spurt var hvort félagskapurinn væri löglega skráður í landinu og með hvaða hætti það hafi verið gert ef svo væri?

Hvernig það hafi hjálpað ef um löglega skráningu væri að ræða?

(innskot: LPN á Íslandi er að fara yfir öll mál varðandi lögskráningu A.A á Íslandi, og virðast þau vera í góðum málum)

Einnig fjölluðu fulltrúar frá Ítalíu, Finnlandi og Japan um hvernig mætti fá ungt fólk til að finna sig í AA og finna sig velkomin.

Lesnar voru skýrslur þjóðanna.

Miðvikudagur 29 okt.

Aftur var skipt í vinnuhópa og nú fjallað um Consept X.

Vísa í skýrslu um niðurstöður hópana, um Conseptin 12 . Alment eru þau ríki sem kalla má þroskuð AA lönd með Conseptin þýdd að fullu eða úrdrætti úr þeim.

Niðurstöður úr vinnuhópunum kynntar og ræddar.

K.E flutti skýrslu um „ The importance of sharing AA literature“

Fimmtudagur 30 okt.

Niðurstöður vinnuhópa voru kynntar og ræddar.

Fulltrúar Svíþjóðar, Brasilíu og Hollands sögðu frá reynslu sinna land á AA fundum á netinu, hvernig þeir virka og hvernig nafnleyndar er gætt á slíkum fundum.

Fulltrúar sem voru í annað sinn á ráðstefnunni kvöddu með stuttum ávörpum, þar sem þeir deildu reynslu sinni af ráðstefnunum og hvernig þær hafa nýst AA samtökunum í heimalandinu.

Leonard Blumenthal flutti lokaávarp ráðstefnunnar á sinn einstaka hátt, þar sem fór yfir árangur ráðstefnunnar og hvað sóð uppúr í umræðunum. Ég verð að segja að þessi ræða var flutt af þakklæti og kærleik til allra fulltrúa sem sátu ráðstefnuna og andi og eining AA samtakanna var í fyrirrúmi í öllu sam hann sagði. Og ef einhver á

ráðstefnunni hafði verið ósáttur við eitthvað sem fram fór á liðnum dögum, þá held ég að enginn hafi verið það eftir þessa ræðu. Tilkynnt var að 21 alheimsráðstefnan verði haldin í Mexíkó október 2010.

Ráðstefnunni var síðan slitið með því að bænin var flutt á öllum tungumálum ráðstefnugesta.

Föstudaginn 31.okt

Fórum og skoðuðum skrifstofu GSO og fengum kynningu á starfseminni sem þar er. Skoðuðum einnig útgáfuna á Grapevine. Síðan var AA fundur í hádeginu. Eftir hádegi fórum við að Stepping Stones þar sem var heimili Bills og Louise lengst af. Húsið er nú safn og allir munir þeirra eru eins, og þegar þau skildu við.

Að lokum langar mig að þakka það traust að hafa fengið að þjóna með því að sitja ráðstefnuna. Það sem stendur uppúr, er að hafa fengið að kynna öllu því fólki sem kom saman þessa viku í NY, með það fyrir augum að sameina styrk og vonir hvers lands. Þó að á Íslandi séum við að glíma við „erfið mál „ þá eru það lúxusvandamál miðað við hvað sumar þjóðir eru að fást við. Ég get ekki annað en verið stoltur og þakklátur því fólki á Íslandi sem hefur gengið á undan mér í því að gera samtökin að því sem þau eru í mínu landi. Sterkasta tilfinningin sem ég fann þarna úti var að við höldum á fjöreggi, sem er AA samtökin á Íslandi. Okkur ber að varðveita þau með öllum ráðum fyrir komandi kynslóðir.

Heildarskýrsla kemur út í jan –feb 2009. Og kem ég þá til með að láta fylgja skýrslu sem viðauka fyrir næstu landsþjónustu ráðstefnu.